

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 183/2023

frá 5. júlí 2023

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2402 frá 16. ágúst 2022 um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/1018 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálageninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingar sem verðbréfafyrirtæki, rekstraraðilar markaða og lánastofnanir eiga að tilkynna ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2403 frá 16. ágúst 2022 um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1151/2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um upplýsingarnar sem tilkynna á þegar staðfesturéttar og frelsis til að veita þjónustu er neytt ⁽²⁾.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Viðauka IX. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 14d (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1151/2014):

„— **32022 R 2403**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2403 frá 16. ágúst 2022 (Stjtið. ESB L 317, 9.12.2022, bls. 41).“

2. Eftirfarandi er bætt við lið 31bap (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1018):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 317, 9.12.2022, bls. 39.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 317, 9.12.2022, bls. 41.

„, breytt með:

- **32022 R 2402**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2402 frá 16. ágúst 2022 (Stjtið. ESB L 317, 9.12.2022, bls. 39).“

2. gr.

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2022/2402 og (ESB) 2022/2403, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. júlí 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. júlí 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.